

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 19 - 19.06. 2003

Fimmtudaginn 19. júní, árið 2003 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 1630 í Áhaldahúsinu.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Árni Egilsson, Gísli Árnason, Einar Gíslason og Páll Pálsson veitustjóri sem ritaði fundargerð. Einnig mætti Kristján Jónasson endurskoðandi á fundinn.

DAGSKRÁ:

1. Ársreikningur 2002.
2. Bréf sem borist hafa.
3. Borun v/ Kýrholt.
4. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

1. Kristján Jónasson endurskoðandi fór yfir og skýrði ársreikning Skagafjarðarveitna ehf fyrir á 2002.

Reikningar áritaðir af stjórninni og veitustjóra.
Kristján yfirgefur fundinn.

2. a. Borist hefur bréf frá Krabbameinsfélagi Skagafjarðar um fjárstuðning sem svarar 800 kr. á þriðja hvern starfsmann Skagafjarðarveitna ehf á ári.
Stjórnin samþykkir erindið.

b. Borist hefur bréf frá Skógræktafélagi Skagafjarðar þar sem farið er fram á að Skagafjarðarveitur ehf taki á móti 150 ? 200 félögum úr hinum ýmsu skógræktarfélögum landsins í ágúst.
Stjórnin samþykkir erindið.

3. Staðfesting hefur fengist á að Orkusjóður mun hækka hlut sinn í víkjandi láni til borunar tilraunarholu við Kýrholt úr 15 milljónum í 19,2 milljónir vegna aukins kostnaðar við fóðrun holunnar, sem ekki var reiknað með í samningum við borfyrirtækið Alvarr ehf frá 28. 11. 2002.

Stjórnin samþykkir að veitustjóri gangi frá málinu við Orkusjóð og Alvarr ehf.

4. Önnur mál.

Rætt var um 50 ára afmæli Hitaveitu Sauðárkróks.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 18.00

Ritari
Páll Pálsson